



Hafnarfjörður

Starfshópur um endurskipulag leikskólastarfs í Hafnarfirði

1.fundur starfshóps haldinn 26. október 2022 á skrifstofu Hafnarstjórnar.

Mætt: Kristín Thoroddsen, Bjarney Jóhannesdóttir, Jenný D Gunnarsdóttir, Margrét Thelma Líndal, Haraldur Gíslason, Valgerður Björnsdóttir, Árný Steindóra Steindórsdóttir, Inga Líndal Finnbogadóttir og Valgerður Sveinbjörnsdóttir sem ritaði fundargerð. Anna Björk Brandsdóttir og Kolbrún Lára Kjartansdóttir voru fjarverandi.

Þetta gerðist:

1. Kristín formaður starfshópsins bauð fundamenn velkomna og fundarmenn kynntu sig.
2. Þróunarfulltrúi leikskóla fór yfir erindisbréfið. Helstu verkefni að koma með tillögum um breytingu á daglegu skipulagi leikskólastarfsins, gefa leikskólakennurum meira svigrúm til faglegrar starfsþróunar, gera starfsumhverfi meira aðlaðandi og tillögur um endurskipulagningu vinnutíma starfsmanna leikskóla eins og styttingu vinnuvikunnar.
3. Tímalína - fyrsta mál starfshópsins er stytting vinnuvikunnar.
4. Stytting vinnuvikunnar, kynning á tölulegum upplýsingum frá formanni FL. Haraldur fór yfir framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum sem samið var um í síðustu kjarasamningum leikskólakennara. Starf í leikskólum er mjög viðkvæmt varðandi mönnum og stytting vinnuvikunnar hefur reynst flóknari og erfiðari en á öðrum vinnustöðum sveitarfélaga. Fór yfir hvernig árleg uppsöfnun þ.e. að safna saman styttingunni yfir árið og taka út sem frí á milli jóla og nýárs, í dimbilviku og í lengra sumarfríi geti t.d. verið leið til að samræma starf- og vinnutíma milli skólastiga.
5. Næstu skref
Ákveðið að Haraldur, Kristín og Jenný skipuleggi kynningafundi á næstu tveimur vikum í öllum leikskólum bæjarins og kynna þessa leið þ.e. árlega uppsöfnun styttingar. Koma með umæður af þessum fundum inn á næsta fund starfshópsins.

Búa til netfang þar sem hægt er að koma með ábendingar og spurningar varðandi starfshópsins.
6. Hverjir eiga að koma að verkefninu
Formaður félag stjórnenda í leikskóla Sigurður Sigurjónsson
7. Fundartími starfshóps
Næsti fundur starfshópsins verður fimmtudaginn 10.nóvember kl. 15-16 í Lóninu fundarsal (innaf matsal) á Linnetsstíg 3.